



## Sveitarstjórn Húnavatnshrepps 244. fundur.

Mánudaginn 16. ágúst 2021 kom sveitarstjórn Húnavatnshrepps saman til fundar. Fór fundurinn fram í gegnum Teams fjarfundabúnaði og hófst klukkan 13:00.

Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Einar Kristján Jónsson, ritaði fundargerð

### Mætt voru:

Jón Gíslason, Jóhanna Magnúsdóttir, Berglind Hlín Baldursdóttir, Sverrir Þór Sverrisson, Ragnhildur Haraldsdóttir, Þóra Sverrisdóttir, Jón Árni Magnússon og Einar Kristján Jónsson.

### Dagskrá:

#### 1. Bréf sem borist hafa:

- a. *Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða og Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiða, 4. ágúst 2021.*
  - i. **Efni:** Hesthús við nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði.

#### 2. Önnur mál:



Oddviti setti fundinn 13:00

## Dagskrá:

### 1. Bréf sem borist hafa:

a. *Fjallskiladeild Grímstungu- og Haukagilsheiða og Sjálfseignarstofnunar Grímstungu- og Haukagilsheiða, 4. ágúst 2021.*

i. **Efni:** Hesthús við nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði.

1. *Lagt fram til kynningar.*

a. Sveitarstjóri lagði fram minnisblað vegna byggingu á nýjum gangnamannaskála á Grímstunguheiði. Það stefnir í að verkefnið sé nú þegar farið um 2 milljónir framyfir áætlun.

b. *Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:*

i. *Sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkir samhljóða að greiða kostnað vegna efniskaupa, byggingar á hesthúsi við nýjan gangnamannaskála á Grímstunguheiði, skv. móttæknu bréfi. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningi þar um.*

ii. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að færa hluta af því fjármagni, sem áætlað var í viðhald á Auðkúlurétt til að greiða efniskaupin. Ekki hefur gengið að fá iðnaðarmenn til að sinna viðhaldi á Auðkúlurétt eins og fyrirhugað var á árinu 2021.*

iii. *Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að láta vinna verkáætlun og útboðsgögn vegna viðhalds á Auðkúlurétt fyrir fjárhagsáætlunargerð ársins 2022.*

### 2. Önnur mál:

a. *Oddviti lagði eftirfarandi fram:*

i. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að leita aðstoðar RR-ráðgjafar vegna skoðunarkönnunar um sameiningu við Blönduósbæ.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundargerð verður undirrituð síðar.

Fundi slitið kl.13:27

\_\_\_\_\_  
Jón Gíslason

\_\_\_\_\_  
Sverrir Þór Sverrisson

\_\_\_\_\_  
Berglind Hlín Baldursdóttir

\_\_\_\_\_  
Ragnhildur Haraldsdóttir

\_\_\_\_\_  
Jóhanna Magnúsdóttir

\_\_\_\_\_  
Þóra Sverrisdóttir

\_\_\_\_\_  
Jón Árne Magnússon

\_\_\_\_\_  
Einar Kristján Jónsson